

Leiðin að viðfangsefninu

Hvað á ég eiginlega að skrifa
um í lokaverkefninu?

Fyrstu skrefin

Allt í umhverfinu getur gefið okkur hugmynd að viðfangsefni:

- Fyrri reynsla
- Áhugamál
- Áhorf/hlustun/lestur
- Vinir
- Aðstæður

Oft er erfiðara að finna frá hvaða sjónarhorni er sniðugt að skoða umfjöllunarefnið.
Þ.e. hver er rannsóknarspurningin.

Dæmi: Endurheimt votlendis er hægt að skoða út frá mismunandi sjónarhornum: Af hverju endurheimt, umhverfisáhrif, framvinda, árangur o.s.frv.

Nokkrar aðferðir í hugmyndavinnu

Samtalsleiðin

Hugstormun

Leitaraðferð

Tækifærisleið

Samtalsleiðin

Ræddu við einhvern um lokaverkefnið þitt og hvað gæti verið sniðugt viðfangsefni.
Hentugir samtalsfélagar eru t.d.:

- Samstarfsfélagi í paraverkefni
- Kennari eða æskilegur leiðbeinandi
- Vinur eða einhver sem þekkir þig vel
- Foreldri, forráðamaður eða ættingi
- Einhver með reynslu eða þekkingu á sambærilegri verkefnavinnu, t.d. háskólanemendur

Úr slíkum samtölum koma oft hugmyndir, annað hvort fullmótaðar eða sem hægt er að vinna áfram með öðrum aðferðum.

Hugstormun

Hugstormun hefst yfirleitt bara í huga okkar en verður oft markvissari ef við færum hana yfir á blað eða ritvinnsluskjal. Hugstormun en unnin í nokkrum skrefum:

1. Látið hugan reika og skrifið svo niður allt sem kemur upp í hugann. Hér höfum við enga síu á hvað fer niður á blaðið.
2. Lesið yfir það sem þið skrifuðuð og bætið við ef eitthvað kemur upp í hugann.
3. Flokkið orðin/hugmyndirnar í flokka. Sum orð hugmyndir geta lent í fleiri en einum flokki
4. Skoðið flokkana, útilokið einhverja, vinnið áfram með aðra.

Eiginlega er hægt að vinna svona áfram með hugstormun nánast endalaust þangað til niðurstaða er fengin. Einnig er hægt að fara með afraksturinn sem efni í hinar leiðirnar.

Leitaraðferð

Gott er að hafa einhvern grunn, t.d. úr hugstormun eða samtali, áður en farið er að leita að viðfangsefni. Besti staðurinn til að leita á er netið.

- Byrjið á vefsíðu eins og leitir.is, Wikipedia, Vísindavefnum eða álíka.
- Leitið að einhverju sem þið hafið áhuga á á viðkomandi vef og skoðið leitarniðurstöður.
- Veljið það sem ykkur finnst áhugaverðast og skoðið. Ath. svo tenglana sem er boðið upp á, heimildir o.s.frv.
- Smellið á eitthvað sem vekur áhuga og vinnið ykkur þannig áfram, ef þið lendið í öngstræti er hægt að bakka eða byrja upp á nýtt.

Yfirleitt endar fólk á einhverju allt öðru en það byrjaði að skoða. Þarna er ferðalagið mikilvægara en áfangastaðurinn. Á leiðinni kvikna hugmyndir sem hægt er að vinna með.

Tækifærisleið

Stundum erum við svo heppin að hafa aðgang að tilvöldu umfjöllunarefni, t.d.:

- Þekkjum við manneskju sem býr yfir reynslu sem við viljum skoða? Dæmi: Nemandi sem hefur verið í skóla erlendis, einhver sem hefur unnið við eitthvað áhugavert, afreksmanneskja á einhverju sviði, einhver sem hefur upplifað eitthvað sem við höfum áhuga á að fjalla um.
- Höfum við reynslu eða sérþekkingu á einhverju sem við getum notað í vinnslu verkefnisins? Dæmi: Íþróttagrein, tölvuleikir, saga mikilvægs atburðar, vinnustaður, sjúkdómar eða heilkenni, o.s.frv.

Ég hef hugmynd að umfjöllunarefni. Hvað svo?

Þegar þið hafið hugmynd að áhugaverðu viðfangsefni þá er hún yfirleitt of víð. Þá þarf að þrengja hugmyndina niður að einhverju viðráðanlegu. Hernámsárin er t.d. of vítt umfjöllunarefni en það er auðvelt að þrengja það, t.d. fyrstu dagar hernámsins, aðdragandi og framkvæmd, viðbrögð Íslendinga við hernáminu, hernámsárin á Akureyri, munurinn á hernáminu á Akureyri og í Reykjavík, Ástandið, o.s.frv.

Mörg lenda í erfiðleikum með að þrengja hugmyndina sína, þá er gott að leita til kennara, leiðbeinanda eða einhvers með reynslu af sambærilegri verkefnavinnu.

Rannsóknarspurningin og tilgátur

Rannsóknarspurningin er það sem við ætlum að reyna að finna svarið við í lokaverkefninu.

- Hún verður að vera svaranleg.
 - Slæmt: Eru ípróttir skemmtilegar
 - Gott: Hefur ípróttaiðkun áhrif á fíkniefnaneyslu
- Setur rammann utan um umfjöllunina.
 - Slæmt: Hvað vitum við um Pandabirni?
 - Gott: Hafa aðgerðir til að vernda Pandabirni skilað árangri?

- Verður að vera hægt að setja fram tilgátu út frá rannsóknarspurningunni.
 - Slæmt: Hver er starfsemi þjóðkirkjunnar á Akureyri? (Tilgáta ?)
 - Gott: Skiptir trú unglunga í dag máli? (Tilgáta = Fáir unglingar í dag telja sig trúaða)

Við höfum eina rannsóknarspurningu í lokaverkefninu okkar, en við getum haft meira ein eina tilgátu.

<https://fyrstuskrefin.wordpress.com/undirbuningur/rannsoknarspurning/>